

Neyðarmóttaka kynferðisofbeldis

Sálfræðipjónusta

Polendum kynferðisofbeldis, sem leita til neyðarmóttöku Landspítala, stendur til boða að fá aðstoð sálfræðings sem hefur sérhæft sig í úrvinnslu kynferðisofbeldis.

Fyrstu samskipti - símtal

Pjónusta sálfræðings hefst með símtali sem ætti að berast þolanda innan viku frá komu á neyðarmóttökuna. Tilgangur þess er að kanna hvernig gengur að takast á við atburðinn og afleiðingar hans og meta þörf fyrir viðtalstíma. Hafir þú ekki heyrt frá sálfræðingi neyðarmóttökunnar innan viku hvetjum við þig til að hafa samband í síma 543 4097 eða senda póst á netfangið neydarmottaka@landspitali.is. Hafðu samband símleiðis, teljir þú þig þurfa aðstoð strax.

Fyrsta viðtal

Í fyrsta viðtali er áhersla lögð á að meta líðan, veita fræðslu um eðlileg viðbrögð við áföllum og ræða hjálplegar leiðir til að takast á við afleiðingar þeirra. Tekið er mið af þörfum hvers og eins en spurningalistar eru m.a. notaðir til að meta líðan. Í viðtalinu er metin þörf á áframhaldandi stuðningi og úrvinnslu áfalls í samvinnu við þolanda. Ef talið er að önnur vandamál trufla úrvinnslu áfallsins getur sálfræðingurinn vísað í önnur úrræði. Styrking eigin úrræða og stuðningsnets er mjög mikilvæg.

Úrvinnslutími

Úrvinnsla kynferðisofbeldis tekur mislangan tíma og er háð ýmsu, s.s. svo sem eðli atburðar og fyrri reynslu. Hafa ber í huga að ekki þurfa allir á formlegri meðferð að halda. Fyrir suma er nóg að fá fræðslu og stuðning fyrst eftir atburðinn.

Kostnaður

Viðtöl hjá sálfræðingi neyðarmóttökunnar eru þolendum að kostnaðarlausu.

Þagnarskylda

Samkvæmt lögum og siðareglum sálfræðinga eru sálfræðingar bundnir trúnaði og þagnarskyldu. Það þýðir að öðrum eru ekki veittar upplýsingar um þig nema með skriflegu leyfi þínu.

Mögulegar undantekningar á þessu eru:

1. Sálfræðingum er skylt skv. 17. grein barnaverndarlaga að tilkynna barnaverndaryfirvöldum öll mál þolenda yngri en 18 ára. Það er gert með vitund þolenda og forráðamanns hans.
2. Ef grunur leikur á að þú, barn eða þriðji aðili sé líklegur til að valda sér eða öðrum skaða ber sálfræðingnum að tilkynna það til viðeigandi stofnunar eða yfirvalda.

Hafðu samband við sálfræðing neyðarmóttöku Landspítala ef:

- Sálfræðingur hefur ekki haft samband innan viku eftir komu á neyðarmóttöku.
- Ef þú telur þig þurfa aðstoð strax.

Símanúmer og netfang

Sálfræðingur neyðarmóttöku Landspítala, s. 543 4097, opið virka daga kl. 08:00-16:00.

Tölvunetfang: neydarmottaka@landspitali.is

Skiptiborð Landspítala, s. 543 1000